

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 28. apríl 2020
UST202004-136/B.S.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Skógrækt í landi Háls í Öxnadal. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 15. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða skógrækt á 37 ha svæði í landi Háls í Öxnadal en ráðgert er að gróðursetja í um 32 ha á því svæði. Skógræktarsvæðið er innan svæðis nr. 501 á náttúruminjaskrá. Verndargildi svæðisins er talið vera: *Hálendur og hrikalegur skagi með djúpum dölum, stórbrotið land.*

Fyrirhugað er að nota Vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar sem viðmið og verður gengið um svæðið og það kortlagt með tilliti til gróðurfars og sú kortlagning lögð til grundvallar endanlegu vali á ræktunarsvæðum.

Umhverfisstofnun telur að helstu umhverfisáhrif umræddrar skógræktar gætu orðið vegna neikvæðra áhrifa á landslag sem á þessu svæði er einstaklega fallegt. Því telur stofnunin jákvætt að ráðgert er að gróðursetja efst á svæðinu gisið birki til að milda ásýnd. Einnig verður skógrækt felld að landslagi eins og kostur er og gróskumestu tré s.s. greni verða gróðursett neðarlega á svæðinu þannig að áhrif á landslag verða fyrir vikið minni.

Ef staðið verður að skógræktinni eins og henni er lýst í greinargerð, þ.e. gróður felldur að landi, hugað að ásýnd og að forðast verði að raska viðkvæmum vistgerðum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Stofnunin telur að huga þurfi að varanleika skógræktarsvæða þegar kemur að bindingu kolefnis í trjágróðri.

Í greinargerð kemur fram að leita þurfi leyfis Umhverfisstofnunar fyrir framkvæmdinni en þar sem ekki er um friðlýst svæði að ræða þarf ekki að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur



Axel Benediktsson
sérfræðingur